

Ályktun félagsfundar 10.júní 2010

Fjölmenntur félagsfundur Félags íslenskra heimilislækna haldinn í Hlíðarsmára 8 Kópavogi 10.júní 2010 mótmælir harðlega ákvörðun Heilbrigðisráðherra að segja upp samningi við 12 sjálfstætt starfandi heimilislækna og með því svipta yfir 20.000 höfuðborgarþúa heimilislækni sínum og setja samninga við Læknavaktina í uppnám og skapa þannig óvissu um vaktþjónustu heimilislækna við íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Fundurinn telur ofangreindar aðgerðir ekki leiða til sparnaðar og að veruleg hættu sé á að þær valdi óbætanlegu tjóni á grunnþjónustu sem þegar er mjög viðkvæm.

Fundurinn hvetur Heilbrigðisráðherra til samráðs við fagfélag heimilislækna.

Greinargerð:

Í mars sl sagði Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra upp samningi við 12 sjálfstætt starfandi heimilislækna frá næstu áramótum. Heimilislæknarnir sinna um upp 20.000 skjólstæðingum og er þessi þjónusta í uppnámi. Þjónusta þessi sem flestir eru sammála um að sé persónuleg og góð hefur skv kostnaðargreiningu sýnt sig að vera hvað ódýrust miðað við aðra samninga um sambærilega þjónustu. Ráðuneytið hefur hingað til ekki gefið upp hvað á að koma í staðinn en skýrt er gefið í skyn að ekki verði framhald á samningnum í núverandi mynd.

Í maí bárust upplýsingar frá Heilbrigðisráðherra að vilji væri til að framlengja samning við Læknavaktina frá 1.júní til áramóta en ekki lengur. Læknavaktin sinnir 60.000 viðtölum, 7.500 vitjunum og 60.000 símtölum frá almenningi árlega utan dagvinnutíma. Ekki hefur fengist einhlítt svar við því hvort Læknavaktin starfi frá áramótum og á sama tíma starfar verkefnahópur á vegum ráðuneytisins að undirbúningi að svokallaðri. “forvakt” á höfuðborgarsvæðinu

Nefnd undir formennsku Ingimars Einarssonar skrifstofustjóra ráðuneytisins sem hefur það hlutverk að móta stefnu til framtíðar til að efla stöðu heilsugæslunnar virðist tilbúin með drög að tillögum án þess að málin hafi verið rædd til fullnustu og án þess að fagfélag heimilislækna hafi formlega aðkomu að nefndarstarfinu.

Á fundi með stjórnendum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins þann 3. júní sl. lýsti heilbrigðisráðherra yfir þeirri stefnu sinni að fækka skuli heilsugæslustöðvum á Reykjavíkursvæðinu úr 16 í 7-9, algerlega án samráðs við starfsfólk stöðvanna.

Á hinum Norðurlöndunum þar sem velferð er hvað þróuðust í heiminum forðast heilbrigðisyfirvöld miðstýringu í heimilislækningum. Best hefur reynst að láta heimilislæknana sjálfa bera ábyrgð á rekstrinum og umsjá sinna skjólstæðinga enda hafi þeir mesta þekkingu á þörfum þeirra og aðstæðum. Heimilislæknamóttakan er þjónusta sem fólk vill hafa í lagi. Langflestir vilja hafa greiðan aðgang að heimilislækni sem er hæfur og vel menntaður og þekkir til sinna skjólstæðinga og þeir geta treyst fyrir sínum heilsufarsmálum, annað hvort leyst úr þeim eða komið þeim í réttan farveg. Út á þetta gengur hugmyndafræði heimilislækninga. Hugmyndafræði sem heimilislæknar hafa þurft að berjast fyrir síðustu áratugina. Staðan er viðkvæm núna, heimilislæknar eru of fáir og margir yngri heimilislæknar íhuga eða hafa þegar flust af landinu og þeir sem eldri eru velta fyrir sér að draga sig í hlé eða fara í önnur verkefni. Erfiðlega gengur að ráða heimilislækna í stöður sem eru auglýstar. Greiður aðgangur að heimilislækni, þekking þeirra á sjúklingi og fjölskyldu hans ásamt trausti og samfellu er eitt það mikilvægasta í þjónustu heilsugæslunnar og skiptir höfuðmáli við lausn vandamála og sparar óþægindi og mikla fjármuni. Heimilislæknar hafa á

undanförnum árum lagt mikla vinnu í að laða unglækna í nám í heimilislækningum enda er fyrirjónlegur mikill skortur á heimilislæknum í nánustu framtíð.

Aðgerðir heilbrigðisyfirvalda nú virðast stefna í meiriháttar kerfisbreytingu og gjörbreytt vinnuumhverfi heimilislækna án minnsta samráðs við þá .

Heimilislæknismóttakan er kjarnastarfsemi heilsugæslunnar. Hún er sá hluti starfseminnar sem er hvað viðkvæmastur vegna undirmönnunar Undanfarin ár hefur verið reynt að fela þennan vanda með því að þvinga yfirlækna heilsugæslustöðvanna til að skrá fólk á heilsugæslustöð án heimilislækni og telja því trú um að þá fái það sambærilega þjónustu og ef það hefði persónulega heimilislækni. Nú er boðaður frekari niðurskurður á þessari lækniþjónustu.

Það er augljóst að heilbrigðisráðherra sem opinberlega hefur boðað að grunnþjónustu verði hlíft gengur harðast að einmitt þeirri þjónustu.

Heilbrigðisráðherra er að leika sér að fjöreggi heilbrigðisþjónustunnar.